

**Mál nr. 301/2016**  
**M og**  
**vátryggingafélagið V vegna lögboðinnarábyrgðartryggingar ökutækis A.**

**Krafa um bætur vegna hreinsunar á malarefni eftir bílveltu í Ártúnsbrekku 25. júlí 2015.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. ágúst 2016 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 23. september 2016.

**Málsatvik.**

Þann 25. júlí 2015 valt vörubifreiðin A á hliðina í Ártúnsbrekku með þeim afleiðingum að möl sem A flutti dreifðist um stóran hluta vegarins. Í kjölfarið þurfti M að grípa til ráðstafana til þess að færa yfirborð vegarins í fyrra horf. Þegar því var lokið sendi M reikning til V fyrir hreinsun malarefnis á veginum vegna þess að V var ábyrgðartryggjandi bifreiðarinnar A. Með bréfi þann 28. október 2015 hafnaði V greiðsluskyldu sinni vegna reikningsins.

M telur að rekja megi kostnaðinn sem af hlaust til notkunar ökutækisins í skilningi 1.mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Um sé að ræða skaðabótakröfu vegna tjóns sem M varð fyrir vegna notkunar skráningarskylds ökutækis. M sé veghaldari þjóðvega og beri ábyrgð á veghaldi vegar. Kostnaður við að fjarlægja farm er fellur á akbraut og hindrar umferð sé tjónakostnaður sem bættur sé af ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar. M telur að um sé að ræða einkaréttarlega skaðabótakröfu enda hafi hreinsunin ekki verið hluti af almennu veghaldi í skilningi 12. gr. vegalaga nr. 80/2007 heldur afleiðing af bílveltunni.

V hafnar bótaskyldu og segir M starfa á grundvelli laga sem opinber aðili sem sé óheimilt, eins og öðrum opinberum aðilum, að taka gjald fyrir þjónustu sína nema lög heimili það sérstaklega. Þá er á það bent að starfsemi M er að meginhluta til fjármögnuð með sköttum. Þá vísar V til vegalaga nr. 80/2007 varðandi hlutverk og verkefni M. Þá telur V að lögmælt þjónusta skuli veitt án þess að opinber aðili sem hana veitir eigi sérstaka endurkröfu á hendur öðrum nema lög heimili.

**Álit.**

Í 1. mgr. 5. gr. vegalaga nr. 80/2007 kemur fram að M annist þátt ríkisins í framkvæmd laganna nema á annan veg sé kveðið í þeim. Í 1. mgr. tl. 5 í 3. gr. vegalaga er orðaskýring á hugtakinu veghald með þessum hætti: „Föræði yfir vegi og vegsvæði, þ.m.t. vegagerð, þjónusta og viðhald vega.“ Lögbundið hlutverk M er því ótvírætt m.a. að annast um þjónustu og viðhald vega. Í vegalögum er hvergi gert ráð fyrir eða heimiluð sérstök gjaldtaka M fyrir að sinna lögbundnu hlutverki sínu við veghald en ítarlega er fjallað um hlutverk M sem veghaldara í kafla IV. í vegalögum. Þá er í 46. gr vegalaga kveðið á um það að vegir sem opnir eru almenningi til frjálstrar umferðar skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru með tilliti til öryggis umferðar, ástands vega, merkinga og annarra þátta sem kveðið er á um í lögnum og ber veghaldari ábyrgð á því. Skyldur M eru því ótvíræðar varðandi veghald, en ekki er í vegalögum heimild til að M fái greiðslur vegna þessa eða geti sótt þær til þriðja aðila.

Í 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er kveðið á um að sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skuli bæta það tjón sem hlýst af notkun þess. Í 91. gr. sömu laga er fjallað um lögboðna ábyrgðartryggingu sem eiganda er skylt að kaupa vegna þeirrar ábyrgðar, sbr. 93. gr. laganna. Miðað við áðurgreint lögbundið hlutverk M og það að M hafi ekki skýrar heimildir til gjaldtöku og/eða framvísunar kostnaðar þriðja aðila, verður er ekki hægt að leggja til grundvallar að umkrafin fjárhæð sé tjón í skilningi umræddrar 1. mgr. 88. gr. Því greiðast ekki bætur úr

lögboðinni ábyrgðartryggingu A þrátt fyrir að M hafi þurft að greiða kostnað við hreinsun vegar eftir að A valt á hliðina. Sá kostnaður er hluti af lögbundnu hlutverki M við veghald eins og það er ákveðið í vegalögum og hluti af þeim kostnaði sem löggjafinn gerði ráð fyrir við setningu laganna að M þyrfti að standa straum af, óháð því af hvaða ástæðum til hans er stofnað.

M á ekki rétt á greiðslu skaðabóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðar A hjá V.

Reykjavík, 17. október 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir, lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.